



[Forsíða](#) / [Fréttir og útgáfa](#) / [Fréttir](#) / [Almennar fréttir](#) / ASÍ styður baráttuna gegn spilakössum

# ASÍ styður baráttuna gegn spilakössum

15. maí 2020

**Snorri Már Skúlason**

snorrimar@asi.is



Könnun um spilahegðun Íslendinga sem samtök áhugafólks um spilafíkn kynnti í dag staðfestir það sem lengi hefur verið rætt um, þ.e. að það er tiltölulega lítill hópur fólks sem stendur undir ótrúlegum fjárhæðum sem fara í spilakassana. Þeir eru í raun keyrðir áfram af þeim sem eiga við spilafíkn að stríða með öllum þeim vanda sem fylgir, félagslega og fjárhagslega. Það er því samfélagslega mikilvægt að taka á málinu og samkvæmt fyrrnefndri skoðanakönnun er þjóðin sammála því.

Spilafíkn er erfiður sjúkdómur sem kemur hart niður á lífsgæðum þeirra sem haldnir eru fíkninni og fjölskyldum þeirra. Alþýðusamband Íslands stendur með Samtökum áhugafólks um spilafíkn í baráttu þeirra gegn spilakössunum.